

LÖG

um

41
20. júní

heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóra-embættið á Akureyri og Ísafirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

2. gr.

Eftir sameininguna skulu forstjórar embætta þessara hafa sömu laun og póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði nú hafa samkvæmt launalögum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, en jafnframt má skipa þeim til aðstoðar, á Akureyri póstaðgreiðslumann með 2200 kr. byrjunarlaunum, sem hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2800, og símafulltrúa með sömu launum, sem ákveðin eru varðstjóra við ritsímamann, en á Ísafirði póstaðstoðarmann með sömu launum og póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa eftir launalögum.

3. gr.

Nú eru embætti þau, sem un ræðir í lögum þessum, sameinuð, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, er hann áður gegndi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.